



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Varðandi stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf

Drög að stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf var þann 17. nóvember 2021 send til umsagnar eftirtalinna aðila: skólaráða og foreldrafélaga grunnskóla, foreldraráða og foreldrafélaga leikskóla, stjórnenda í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, Samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík, Samtaka foreldra leikskólabarna í Reykjavík, mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs, aðgengisnefndar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Samtals bárust 23 umsagnir. Ýmsar ábendingar komu um hvað mætti betur fara og var eftir megni reynt að koma til móts við allar ábendingar. Þær viðamestu komu frá foreldrafélögum grunnskóla í Breiðholti, Þroskahjálp og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar og vörðuðu þær allar aðgengi fyrir alla, þ.e. algilda hönnun og viðeigandi aðlögun og var hnykkt á þeim mikilvæga þætti hönnunar á viðeigandi stöðum í stefnunni.

Sumar ábendingar var álitð að ættu meira erindi í *Viðmið fyrir nýbyggingar, viðbyggingar og breytingar á húsnæði fyrir leikskóla, frístundaheimili, grunnskóla, skólahljómsveitir og félagsmiðstöðvar* sem nú eru í vinnslu og var því ekki bætt við texta stefnunnar.

Allar umsagnir eru í fylgiskjöldum. Textadrögin með auðkenndum viðbættum/leiðréttum texta er í fylgiskjöldum.